

Skrá 9. Orf, hrífa og ljár

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins IX.

Spurningaskrá þessi er töluvert frábrugðin þeim, sem áður hafa verið sendar, og stafar það af því að hún er gerð í samvinnu við Orðabók Háskólans. Þess vegna er hér lögð mjög mikil áhersla á allt orðafar viðkomandi efninu. Skrá þessi er löng, en hins vegar nægir í flestum tilvikum að setja já eða nei aftan við, og varðar þá vitanlega miklu, að ekki geti farið milli mál, við hvort menn eiga. Mikilsvert er, að menn taki fram, hvaða orð er algengast, ef fleiri orð eru um hið sama, og má þá jafnvel tölusetja orðin með 1,2 og 3. Nauðsynlegt er einnig að taka fram, ef menn þekkja orð í annarri merkingu en nefnd er í spurningaskránni. Enn sem fyrr eru menn beðnir að bæta við frá eigin brjósti því, sem þeir vita, en er ekki beinslínis spurt um, og tína allt til. Má búast við, að þar kunni t.d. að koma fram ýmislegt fróðlegt, sem ekki er tengt einstöku orðum. - Allt slíkt má skrifa á síðuna andspænis spurningunni.

Þjóðháttaskráningin sendir heimildarmönnum sínum vinsemdarkveðjur og vonast enn sem fyrr eftir góðri fyrirgreiðslu af þeirra hendi.

Heiti:

Heimili:

Fæðingardagur og ár:

Heyvinnuverkfæri.

1. Var orðið amboð aðeins notað um heyvinnuverkfæri?
2. Á hvaða árstíma var helzt unnið að því að smía heyvinnuverkfæri?
3. Voru sérstakir smiðir í hverri sveit, sem öðrum fremur önnuðust um smíði heyvinnuverkfæra?
4. Voru nokkrar gamlar reglur um smíðalaun fyrir hrífu, orf og ljár?

O r f .

1. Hvað heiti önnur en orf voru notuð um orfið? Hafið þið heyrt eftirfarandi nöfn eða einhver önnur:

einhælingur ? (orf með einumhæl)

engjaorf ?

freddi ?

langorf ?

ljáorf ?

orfkrókur (stutt orf, drengjaorf)

orfkrækill (eða krækill)?

(um lítið orf, helst krakkaorf)

orfpækill ?(lítið orf)

orfstertur (eða stertur) ?(stutt orf handa unglíngum)

spík ?

(stutt orf, sem ætlað var unglíngum eða kvenfólki)

stikill ?

stuttorf?

Voru orf mismunandi eftir slægjulandi (t.d. eitt fyrir tún, annað fyrir engi)?

2. Hvaða heiti voru á orfi neðan hæla eða á sjálfu orfinu, áður en hælur voru settir á það?
Þekkið þið eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

orffjöl ?

orleggur (orfsleggur eða leggur) ?

orfspýta ?

orfstöng (eða stöng)?

3. Hvaða almenn heiti tíðkuðust á orfhælum önnur en hælur? Kannist þið við þessi heiti eða önnur:

efri og neðri hæll ?

orfhæll (eða orfshæll) ?

sperruhæll?

4. Hvaða heiti hafði efri hæll önnur en efri hæll?

Þekkið þið eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

bóndakarl ?

bóndahæll ?

brik ?

kerling ?

kerlingarhæll ?

spjald ?

vinstrihaldari?

5. Hvað nefndist þverspýta á efri hælum? Kannist þið við efitthvað af eftirfarandi nöfnum eða einhver önnur:

bónakarl ?

bónakerling?

bónði?

brýnishæll?

hjarta ?

húni ?

húnn ?

jómfrú ?

kerling ?

kóngur ?

orfhnúður ?

orfhúnn ?(sbr. húnn)

spaði ?

typpi ?

þverhúnn ?(sbr. húnn)

þverhæll? ?

Ef menn þekkja fleiri heiti en eitt yfir þetta, er æskilegt, að tekið sé fram, hvert þeirra hafi verið algengast.

Þá er nauðsynlegt, að menn taki fram, hvort þeir nota orðmyndina húni eða húnn, ef þeir kannast á annað borð við orðið. Kemur slíkt skýrt fram, ef setning er mynduð, þar sem nafnið kemur fyrir, t.d.: Ég hélt um húnann eða: Ég hélt um húninn.

Eins er æskilegt að fá fram, hvort menn nota nafnið alltaf stytta eða þekkja samsetningu af því, eins og orfhúnn og þverhúnn.

6. Voru sérstök heiti á neðri hælnum önnur en neðri hæl? Hafið þið heyrt þessi heiti eða önnur:

böllur ?

grashæll ?

hæll ?

karl?

Sums staðar mun það hafa verið venja, að neðri hæl hét aðeins hæl, en þá hafði efri hæl að jafnaði eitthvert sérstakt heiti. Ef þið kannist við þessa venju, er æskilegt að fá vitneskju um það og þá fá skýrt fram heitið á efti hæl.

7. Hvað hét bilið á orfinu milli hælanna? Hafið þið heyrt það nefnt skambil ? eða eitthvert annað?

Ef menn hafa aldrei heyrt heyrt sérstakt heiti á þessu bili, er ágætt, að þess sé getið sérstaklega.

8. Nokkuð mun það hafa tíðkast í seinni tíð að hafa hælana færanlega á orfinu og festa þá á með garðajárnslykkjum, sem smeygt var upp á orfstöngina. Kannist þið við þessa aðferð?

Hafið þið heyrt þessar lykkjur nefndar sviftir ? eða eitthvað annað?

Fleygur var rekinn milli lykkjunnar og stangarinnar. Hafði þessi fleygur nokkurt sérstakt heiti?

9. Hvað hét efsti hluti orfsins, ofan efri hæls?

Þekkið þið eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

hnúður ?

hnyðja ?

hæll (eða orfhæll)

kylfa ?

lómsnef ?

stinghæll ?

stingur (eða grasstingur)?

10. Var sú aðferð til að reka flein í efri enda orfsins, svo það rynni ekki til, þegar brýnt var?

Hafið þið heyrt, að þessi fleinn væri kallaður gaddur ? eða þá eitthvað annað?

Þekktist það að blý væri sett í kylfuna og til hvers var það gert??

11. Kannist þið við eftirfarandi heiti á neðsta hluta orfsins:

kverk ?

orffalur ?

orfhnakki (eða hnakki) ?

eða einhver önnur?

Hér þarf að koma skýrt fram, hvort menn hafi notað þessi heiti, áður en ljárin var settur í orfið eða á eftir.

12. Flötur var tekinn neðst á orfinu undir hólkunum og hafður svo breiður og langur upp, að svaraði ljáþjóinu. Hvað nefndist þessi flötur? Kannist þið við eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

flái ?

flatvegur ?

sneiðing ?

snið?

13. Mjög var það misjafnt, hvernig menn tóku sneiðingu í orfið og létu ljáinn vísa í því miðað við hælana. Höfðu menn margs konar orð til að lýsa stöðu ljásins?

Kannist þið við eitthvað af eftirfarandi orðum eða þá önnur um orfið:

aftursneitt ? (= hnakkasneitt)

baksneitt ? (ef ljárinn vildi niður að aftan)

baksniðið ? og nafnorð af því

baksnið ?

þá er til nafnorðið

borusnið ? (= kverksnið) (Var í rauninn skammaryrði til þeirra, sem þóttu lélegir sláttumenn.)

framsneitt ? (= fyrirsneitt)

fyrirsneitt ? (þegar neðri hæll vísar niður á við)

hnakkasneitt ? eða

hnakkasniðið ?

eins er til hnakkasneiðing ? eða

hnakkasnið ?

hælsneitt ? (= hnakkasneitt)?

kverksneitt ? eða

kverksniðið ? (þegar hæll vísar of mikið upp, þegar slegið er),

eins er til

kverksneiðing ? eða

kverksnið ?

oddsneitt ? (sbr. hnakkasneitt);

rasshandarlag ? (þegar vinstri handleggur

liggur beinn í olnbogabót)

rasslag ? eða

rassnið ? (þegar ljárinn stefnir nær efri hælum)

rassneitt ?

Þá er talað um, að orf sé

snúið ? (mikið eða lítið).

Sumir tala um, að orf sé mikið eða lítið steyp- eða tala um steypingu á orfi. Kannist þið við það?

Er e.t.v. algengara að tala um, að orfið sé steypt en tala um steypingu á því?

Æskilegt er, að tekið sé nákvæmlega fram, hvað menn þekkja af framanskráðum orðum og eins, hvað þau merkja.

Þá er fengur í, að þess sé greinilega getið, hvort menn tala um sneiðingu eða snið á orfi og svo steypingu eða að orf sé steypt, því að allmikill munur virðist vera á notkun þessara orða eftir landshlutum.

14. Hvaða orð voru notuð til að lýsa eiginleikum orfsins?

Hafið þið heyrt talað um að orfið sé

afturþungt ?

framþungt ?

klökkt ?

liðlegt ? (óliðlegt)

lint ?

niðurlétt ?

niðurþungt ?

stingþungt ?

stinnt ?

upppungt?

Var nokkurn tímann sagt um orf, að þau væru:

einhæla ? eða

einhæluð ?

tvíhæla ? eða

tvíhæluð ?

eftir því, hvort þau voru með einum hæl eða tveimur?

Kannist þið við, að sagt sé um orf, að það grúfi eða rísi ? og við hvað er átt?

Hafið þið nokkurn tímann heyrt þungu og stirðlegu orfi lýst svo, að það væri mesti kurfur?

Ef menn geta bætt orðum við þennan lista um eiginleika eða ásigkomulag orfsins, er það vel þegið.

15. Kannist þið við, að stór nagli hafi verið rekinn í orfið að neðan og aftan og hann hafður til að róta úr ljáfari?

Ef svo er, munið þið þá eftir, hvað hann nefndist?

Hafið þið heyrt nafnið kerling í þessu sambandi?

16. Hvernig var lengd orfsins ákveðin?

Var sú aðferð notuð að mæla orfið í handföngum?

Hvað voru þá mörg handföng neðan neðri hæls ?,

Milli hæla ?, ofan efri hæls?

Hafið þið heyrt eftirfarandi haft eftir "tröllkonunni": sjö handföng bíta bezt, en níu verst, en fimm munu fáir þola?

Var sú aðferð nokkurn tímann höfð að miða orfið við hæð sláttumannsins, þannig að efri hæl næði undir hönd hans eða neðri hæl næmi við mjaðmarhnútu?

Kannist þið við það, að bilið milli hælanna skyldi vera mjaðmarbreidd slátumanns?

17. Úr hvaða efni voru orf venjulega smíðuð?

Var notað í þau

askviður?

fura?

rauðaviður ?

Eða einhver önnur viðartegund?

Hvaða viður reyndist best?

18. Hvernig var venja að hafa orfstöngina?

Var hún sívöl neðan neðri hæls?

Var hún áttstrend milli hæla?

Var hún áttstrend eða sívöl ofan efri hæls og ydd efst?

Ef menn þekkja eitthvert annað lag á orfstönginni, er æskilegt, að það sé tekið fram.

19. Var nokkur ákveðin regla umgerð og lögun hælanna, t.d. stærð þeirra?

20. Giltu nokkrar sérstakar reglur um þyngdarhlutföll orfsins?

Hafið þið heyrt það, að best væri, að orfið vægi salt, þegar haldið væri um neðri hæl og það rétt út frá sér með ljánum?

21. Tíðkuðust nokkurn tímann orf með einum hæl?

Þótti nokkurt hagræði í því, að hafa aðeins annan hælinn og í hverju var það fólgið?

22. Kannist þið við nokkrar sérstakar venjur í sambandi við orfið?

Höfðu menn trú á því að verr biti í löngu orfi en stuttu?

Var sama, hvernig menn báru orfið í teiginn, ef ljár var í því, eða ríkti einhver venja um það?

H r í f a .

1. Hvað heiti önnur en hrífa voru notuð um hrífuna? Hafið þið heyrt þessi heiti eða einhver önnur:

broddahrífa ? (hrífa með járntindum)

dingla ? eða (hrífudingla) (mjó og létt hrífa)

heyhrífa ?

hrífuklóra ? (eða klóra) (í niðrandi merkingu um lélega hrífu)

hrífukrádél ?

(sbr. stúlkuna, sem fór til Reykjavíkur, en þekkti ekki hrífuna, þegar hún kom aftur í sveitina)

hrífukrókur ?(gælunafn á lítilli hrífu handa barni eð unglings)

hrífukrækill ? (eða krækill) (gælunafn á hrífu)

hrífustertur ?(eða stertur) (léleg og vond hrífa)

járngaddahrífa ?

járntindahrífa ?

karlmannshrífa ?

klára ?

krakkahrífa ..

kvenhrífa ? eða kvenmannshrífa ?

langhali ?

rakstrarhrífa ?(lipur og létt hrífa)

smáhrífa ?

snúningshrífa ?

stýfur ? (eða hrífustýfur)

sætingarhrífa ? (sterk og góð hrífa)

söxunarhrífa ? (gildara skaft og haus en á rakstrarhrífu)

ýtuhrífa? (sterk hrífa, sem notuð var til að ýta múgum á votlendi saman eða upp á þurrkvöll)?

2. Hver heiti voru notuð á einstökum hlutum hrífuskafsins? Þekkið þið eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

fjaðraskaft ?

fjöður ?(flati endi skaftsins, sem gekk inn í hausinn)

fjöðurkambur ?

hrífuendi ? (eða endi)

hrífuhali ? (eða hali) efri endi skaftsins)

hrífuskaf ? (eða skaft)

leggur?

Kannist þið við, að hrífuskafnið skiptist í þessi heiti:

fjöður næst haus ?, þá kemur leggur ? og svo skaft efst?

Hvað hét sá hluti hrífuskafsins, sem gekk inn í hausinn?

3. Hver heiti voru á hrífuhaus og einstökum hlutum hans?

Hafið þið heyrt þessi heiti eða einhver önnur:

auga ?

gat ?

hrífuhaus ? (eða haus)
hrífuhöfuð ? (eða höfuð)
kvenhaus ? (á kvenmannshrífu)
söxunarhaus ? (á söxunarhrífu)
tindur ? (sjá sérstaka spurningu)
vængur ? (sitthvoru megin við skaftið)?
Æskilegt er, að tekið sé fram, hvort heitið sé algengara, ef bæði þekkjast, t.d. auga og gat,
haus og höfuð.

4. Hver heiti tíðkuðust á hrífutindum og einstökum hlutum?

Kannist þið við eftirfarandi heiti eð einhver önnur:

beitla ? (mjög eyddur tindur)

endatindur?

falur ? (á brúnsþónstindi)

fjaðratindur ?

fjöður? (á brúnsþónstindi)

hjartatindur ? (miðtindur)

hliðartindur ?

miðtindur ?

tungutindur ? (= miðtindur)

vængjatindur ? (sbr. vængur í 3. sp.)?

Voru tindar hafðir lengri í þeim hrífum, sem ætlaðar voru karlmönnum? ? Hvað gat lengdin munað miklu?

Hvernig var tindur tálgaður til? Var hann yddaður á fjóra vegu eða tvo?

5. Úr hvaða efni voru hrífutindar? Kannist þið við eitthvað af eftirfarandi eða eitthvað annað?

álmur ?

aluminium ?

askur ?

bambusreyr ?

baugi ?

birki ?

brenni ?

brúnbrís ?

brúnsþónn ?

brúntré ?

eik ? (amerísk eik), (sbr. eikitindur)

greni ?

gulspónn ?

gyrði ?

hickory ?

járn ?

lindifura ?

pinnapel ?

rauðaviður ?

stál ?

sveigur ?

svigi ?

tjarfura ? (organpæn)?

Hvaða viðartegund var algengust og reyndist best?

Ef menn kannast bæði við brúnspón og brúnbrís, er æskilegt, að tekið sé fram, hvort heitið hafi verið almennara.

Þótti betra, ef um brúnspónstinda var að ræða, að sjóða þá nýtalgaða?

Var spónunum haldið til haga til að lita úr þeim?

Hvernig var litað?

Var nokkurn tímann talað um, að tindfrekt væri, þar sem tindar vildu mjög brotna við rakstur?

6. Ýmsar aðferðir tíðkuðust við að festa saman haus og skaft.

a. Kannist þið við þá aðferð, að rifa væri gerð á flata endann, sem gekk í gegnum augað á hausnum, og þar í rekinn fleygur, sem þrýsti skaftinu út í augað?

Voru nokkurn tímann gerð hök á þann hluta skaftsins, sem gekk fram úr auganu, þannig að þau gengu út á hausinn er flelygurinn var rekinn upp í endann?

Hvað hét þessi fleygur? Hafið þið heyrt einhver þessara nafna á honum eða þá önnur: árétti ?

árétting ?

fleygur ?

hjá barn ? (hjá börn)

hjarða ?

tunga? ?

Var venja, þegar þessi aðferð var notuð, að reka tind í gegnum fleygin og hausinn? ?

Hvað nefndist þessi tindur þá:

hjarðatindur ?

miðtindur ?

tungutindur ? eða eitthvað annað?

b. Var sú aðferð höfð að setja spýtur með stöllum á meðfram skaftinu í gegnum augað og negla þær fastar við hausinn og skaftið? ?

Hvað nefndust þessar spýtur? Hafið þið heyrt eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

ambátt ?

árétti ?

fjöður ?

fornám ?

forskefti ?

fylgsni ?

galti ?

grein(ar) ?

hjá barn ? (hjá börn)

hjákrakki ? (hjákrakkar)

hjálp(ir) ?

hlein(ar) ?

hlíf(ar) ?

hlýri ? (hlýrar)

hnit(ar) ?

holubarn ?

kíll ? (kílar)

(skák (ar) ?

spjálk (ir) ?

tangi ? (tangar)

typpi ?

þerna?

c. Þegar tréð þornaði, vildi hausinn losna og gjögta á skaftinu. Hvernig fóru menn þá að? Var

notuð sú aðferð að reka smáflís milli skaftsins og tréfléygisins í auganu? ? Hvað nefndist þessi flís? Hafðu þið heyrt eftirfarandi heiti eða þá einhver önnur:

hjá barn? (hjá börn)

hjá böllur?

holubarn?

hortittur?

Var talað um hortitta?

d. Kannist þið við, að menn hafi notað leður eða gjarðarjárnsmæmi í stað tréfléygisins meðfram hrífuskafinu?

Hvað nefndust þessar leðurþjötur eða járnsmæmi?

Hafðu þið heyrt í því sambandi nöfnin:

leðurfylgsni?

svift(ar)?

eða einhver önnur?

e. Hvenær var farið að nota kló (eða hrífukló) úr járn (eða gyrdi) eða vír í stað trésins?

Hvort var algengara að nota járn eða vír?

Var klóin e.t.v. notuð samhliða annarri festingu haussins, t.d. með leðri eða gjarðarjárnsmæmi (sbr. d-lið)? Voru notuð nokkur önnur heiti á klónni?

Kannist þið við eftirfarandi nöfn eða önnur:

hrífuafrétting?

hrífuhaustengsl ? (eða hrífuhaustengur)

þríhyrna?

Fróðlegt er að vita, hvort þessi heiti tákna nákvæmlega hið sama eða einhverja sérstaka gerð af (hrífu)klóm.

Var naglinn, sem gekk í gegnum skaftið og augað á klónni, nefndur sérstöku nafni?

Hafðu þið heyrt hann kallaðan klóarnagla?

7. Ýmis heiti voru notuð í sambandi við smíði og viðgerð hrífunnar.

a. Þekkið þið eftirfarandi heiti eða önnur um það, er verið var að smíða eða endurbæta hrífuna:

altinda ? (hrífu)

árétta ? (hrífu) (þ.e. reka árétti upp í skaftið)

festu (upp) á ? (þ.e. hausinn á skaftið)

færa upp á ? (þ.e. stytta skaftið og festu hausinn að nýju)

hnita ?(hrífu) (þ.e. festu hnit á hrífu)

setja upp ?(hrífu) (þ.e. tinda og setja haus á nýtt skaft)

skerpa ? (brúnspónstinda) (þegar þeir voru skornir fram)

tinda ? (hrífu)?

b. Kannist þið við eftirfarandi heiti eða önnur um það, er hrífa gekk úr sér:

ganga upp ?(þ.e. hausinn losnar á skaftinu)

losna (upp) á ? (þ.e. hausinn losnar á skaftinu)

smjúga (úr) ?(er tindur dettur úr hrífu)

smogna ? (er tindur dettur úr hrífu)?

c. Hvaða verkfæri voru sérstök höfð við hrífusmíði eða viðgerð?

Þekkið þið þessi áhöld eða önnur:

hrífuhöfðanafar ?

nettnál ? (= úrrek)

tindaúrrek? (eða tindúrrek)

tindaúrrekari ?

úrrek?

d. Hvernig fægðu smiðir hrífusköft (með háfsroði, sköturoði, hákarlsskráp eða öðru)? Lýsið því.

e. Voru til ýmis orðasambönd, sem lýstu hæfileikum manna til að búa sér í hendur við heyskapinn? Munið þið eftir, að sagt væri: Hann er tindhagur og naglfær?

8. Hvað heiti eru notuð til þess að lýsa eiginleikum hrífunnar? Hafið þið heyrt talað um, að hrífan sé:

eikitinduð (þ.e. með eikartinda)

gistennt ?

gistinduð ?

hátinduð ?

hausmikil ?

járntennt ?

járntinduð ?

klökk ?

lágtinguð ?

niðurlétt ?

niðurþung ?

skaftlöng ?

skörðótt ?

stinn ?

söðulbökuð ?

tindalaus ?

yxna ?

þétttinduð?

Hafið þið heyrt, að hausinn sé:

stífaður ?

vallboginn ? eða vallbugða sé á honum?

9. Hver aðferðin er elst af þeim, sem nefnd hefur verið um festingu haussins við skaftið?

10. Er einhver önnur aðferð kunn en hér hefur verið lýst? Ef svo er, er æskilegt að fá vitnesku um hana.

11. Hvaða efni var notað í hrífuna og hvernig þurfti það helst að vera?

Kannist þið við, að í hrífu væri notað:

alúminíum ?

askur ?

fura ?

greni ?

rauðaviður ?

valborð ?

eða eitthvað annað?

12. Tíðkaðist það, að rakstrarkonur vigtuðu hrífur sínar? Ef svo var, hvað máttu hrífurnar vera þungar?

13. Hversu langt var hrífuskaftið? Var miðað við ákveðna cm-lengd eða t.d. seilingarhæð þess, sem nota átti hrífuna?

14. Hvaða efni var haft í hrífuhousinn og hvernig þurfti það helst að vera?

Kannist þið við, að í haus væri notað:

álmur ?

alúminíum ?

bauja ?

birki ?

brenni ? (beyki)

eik ?

eski ?

eða eitthvað annað?

Var nokkurn tíma notað heitið hrífuhöfðafni?

15. Hversu langur var hrífuhousinn? Var miðað við cm-lengd eða tindafjölda?

Hvað voru tindar margir (með miðtindi, ef hann var hafður)?

Var gerður munur á lengd haussins eftir því, hvort hann var ætlaður í karlmanns- eða kvenmannshrífu?

Hvað munaði miklu?

16. Hafði þið heyrt um þá aðferð, að sumir hafi notað þéttindaða hrífu á tünnum, sem voru snögg, en rekið annan hvern tind úr, þegar þeir fóru að raka í mýrum?

17. Báru karlar og konur vettlinga við heyvinnu?

Hvað voru þessar vettlingar nefndir? Kannist þið við heitin:

griplur ? (eða griplar)

hrífuhanskar ?

hrífuvettlingar ?

eða einhver önnur?

Lýsið mismunandi gerðum heyvinnuvettlinga:

a) hrífuvettlingum, b) hönskum, c) griplum.

Teiknið þá, ef tók eru á. Voru þeir einlitir eða t.d. með útprjóni?

Kannist þið við það, að á hönskum hafi laskinn verið dekkri en neðri hlutinn?

Hvað hétu einstakir hlutar vettlinganna?

fit ?

stofn ?

grip?

Var venja að hnýta vettlingum saman, milli þess sem þeir voru notaðir?

Hvað hét það, sem tengdi þá saman:

tengsli ?

vindingar?

Hvað nefndist vinnan við að prjóna heyvinnuvettlinga (að vinna, prjóna á verkfærin t.d.)?

Þekktist það, að vel rónir (kútrónir) sjóvettlingar væru notaðir á hrífu?

Hvar geymdu menn vettlinga, er þeir gengu á teig?

Brugðu karlmenn þeim undir annað axlabandið ?, en konur undir stytubandið ?

18. Hvað er það kallað, sem rakað er í einu átaki? Þekkið þið eftirfarandi heiti:

hrífudráttur ?

hrífufar ?

hrífutak ?

eða einhver önnur?

Má einnig nota þessi nöfn um spilduna, sem ljá er rökuð af upp á sömu höndina? ?

19. Hafið þið heyrt menn tala um að hrífa í stað þess að segja raka?

Eitt dæmi er úr prentaðri heimild frá síðustu öld. Það er á þessa leið: Bóndinn sat við flöskuna og gleymdi að heyja og hrífa.

Ef einhver skyldi kannast við þetta úr nútíðarmáli, er fróðlegt að fréttu af því.

20. Hafið þið heyrt talað um hrífubönd?

Þau voru bundin um miðja tindana og notuð til að raka mjög smáu heyi.

21. Var nokkur sérstök regla um það, hvernig halda skyldi á hrífunni, þegar hún var borin að heiman út á tún eða engjar?

Var önnur venja um það, er farið var út á túnið, en engjar?

22. Hér koma ýmsar venjur í sambandi við hrífuna.

Ef menn geta bætt við þá upptalningu, er fengur í því. Skyldu menn hafa það hugfast, að ekkert slíkt er einskisvirði, jafnvel þó að mörgum þyki fátt um og vilji helst ekki halda því á lofti.

Kannist þið við,

að það boði regn, ef hrífa er lögð þannig, að tindar snúi upp?

að börn og unglingar hafi alltaf verið áminnt um að setja hrífu þannig niður í teiginn, að tindar vissu niður?

að menn eigi að kraka niður regn, ef hrífan er rétt upp í loftið?

að það boði þurrk, ef hrífusköft slást saman við rakstur eða snúning (rifjingu) eða við það, að tveir menn taka upp fang?

að menn eigi að stinga hrífu á endann í teignum og láta tindana vísa í þá átt, sem menn vilja, að vindurinn standi úr?

að menn eigi að vinna saman að heyskap næsta sumar, ef þeir krækja saman hrífum (eða ljáum)?

að menn eigi að vinna á sama stað næsta sumar, ef verkfærið datt óvörum niður í teignum? ...

að karlmaður og kvenmaður eigi að eiga barn saman, ef þau saxa fang saman? ? (Sbr. Þú mátt ekki bæta við fangið mitt.)

að ekki megi rétta fang með hrífu upp á hey eða bera það á hrífu inn í hlöðu (eða yfirleitt bera hrífu inn í hlöðu), því að þá komi upp bruni í heyinu?

að ekki megi raka inn í hlöðu, því að það boði heyleysi?

L j á r .

1. Hvaða heiti önnur en ljár voru notuð um ljáinn?

Hafið þið heyrt þessi nöfn eða einhver önnur:

bakkaljár ? (gagnstætt einjárnungur)

breddi ? (sbr. ryðfrakki, um gamlan ljá og ryðgaðan)

dengingarspík ? (um dengda spík)

eggjalningur ? (ljár, þar sem egginn er álnarlöng)

einjárnungur ?

Eylandsljár ?

flummur ? (stór ljár)

freddi ?

galtarskóf ?

galtarsög ?

galtasegla ? (Þessi síðast töldu nöfn eru einkum notuð um bitlausan hníf, en e.t. v. einnig um bitlítinn ljá).

grashákur ?

grasljár ?
 grindarljár ? (ljár með grind; vara notaður á sléttu mýrlendi sums staðar eftir aldamót)
 heyljár
 hnökraþík ? (mjög eyddur ljár)
 kruti ? (lélegur ljár = ljábredda)
 lénisljár ? (gagnst. einjárnungur, sbr. bakkaljár)
 ljábredda ? (eða bredda) (lélegur ljár, = kruti)
 ljágréla ? (eða gréla) (um ljá, sem var orðinn mjór og eyddur)
 ljáspík ? (eða spík) (mjór og eyddur ljár)
 lurkur ?
 mýrarljár ? (lengdur ljár, sem notaður var á sléttu)
 ofæsingur ? (of harður ljár eða hnífur)
 Ólafsdalsljár ? (sbr. Torfjaljár, skoskur ljár)
 redden ?
 ryðfrakki ? (eða ryðfrakka) (um gamlan og ryðgaðan ljá, sbr. bredden)
 samsuðuljár ?
 serðill ? (slæmur jár)
 sigð ?
 skarðagepill ? (skörðóttur ljár)
 skoskur ljár ?
 sléttuljár ?
 spangaljár ? (ef ljábakki hafði brotnað og verið spengdur)
 stálljár ?
 stáleggjarspík ?
 stálspík?
 stertur? (stuttur ljár)
 Torfjaljár? (sbr. Ólafsdalsljár, skoskur ljár)
 torfljár? (ef ljábakkinn var illa smíðaður og klumpslegur)
 tvíjárnungur .. (gagnst. einjárnungur)
 tréljár?
 uppsoðningur?
 þúfnaspík?
 Þekktist sigð sem sérstakur ljár, sbr. er talað var um það að sigða, þegar kroppað (slegið) var utan með steinum?
 Voru mismunandi ljáir notaðir eftir landi (túnljár, engjaljár, þúfnaspík)?

2. Hvaða heiti voru á einstökum hlutum ljásins?

Enda þótt augljóst sé, að sum heitin eru hin sömu og á öllum eggjárnum og því engin séreinkenni á ljánum, þykir sjálfsagt að taka þau hér með. Kannist þið við eftirfarandi nöfn eða þá önnur:

fjöður ? (= ljáblað)
 grashlaup ? (bilið milli þjós og blaðs)
 hnakki ? (þar sem slegið er á, þegar ljárin er rekinn í orfhólkana)
 hæll ? (= hnakki)
 kverk ? (bugðan milli þjós og bakka)
 ljábakki ? (eða bakki)
 ljáblað ? (eða blað)
 ljáhlaup ? (= grashlaup)
 ljáléni ? (eða léni) (= ljáblað)
 ljáslegg ? (eða egg)

oddur ?

skammhlaup ? (= grashlaup)

sniðreim ? (Ef það þekkest, er æskilegt, að nákvæmlega sé greint frá merkingunni)

sniðrim ? (bilið frá bakka að frambeitingu)

sneiðrim ? (snið, sem kom á ljáblaðið, þegar búið var að klappa (eða dengja) ljáinn)

snið ?

sniðreim? (lægð eða rák, slegin skammt frá bakkanum fram undir odd)

sparargat ? (sbr. spör)

sperra ? (eða spera) (krókur á þjóí gömlu ljáanna myndaði um 90° horn), sem gekk gegnum gat á orfinu)

spör ? (Þar sem engin óyggjandi skýring er til á þessu heiti, er mikill fengur að fá hana, ef einhverjir kannast við nafnið og eins sparargat.)

stálbakki ? (ljábakki úr stáli)

þjó ?

þjóbugða ? (= kverk)

þjóbugur ? (=þjóbugða)

þjóf ? (= þjó)

þjóhaus ? (= hnakki)

þjóhlaup ? (= grashlaup)

þjókrókur ? (= kverk)

3. Er skosku ljáblöðin tóku að flytjast til landsins fyrir tilstuðlan Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, varð gerbylting í ljáasmíði. Áður höfðu íslensku einjárnungarnir verið einráðir frá

landnámsöld. Nú var ljárinn samsettur úr tveimur hlutum: blaði sem var innflutt, og bakka, sem var smíðaður heima. Kannist þið við eftirfarandi nöfn eða þá einhver önnur?

a. Var nokkurt sérstakt nafn á járn því, sem notað var í ljábakkann?

bakkajárn ?

bakkateinn ?

b. Hvað var það kallað, er bakki var settur á blaðið?

bakka ? (ljá)

bakkasetja ?(ljá)

c. Hvað voru hnoðin kölluð, sem notuð voru til að festa bakkann og blaðið saman?

hnoð ?

hnoðnagli ?

hnoðsaumur ?

ljábakkahnoð ?(eða bakkahnoð)

ljábakkasaumur ? (eða bakkasaumur)

ljáhnoð?

ljásaumur?

negli?

nettnagli?

nettnál?

nitnagli?

nitti?

4. Hvað nefndist slíður það (eða holrúm), sem var á skosku ljáblöðunum og oddur bakkans gekk í?

Þekkið þið eftirfarandi heiti eða einhver önnur:

bakkahald ?

blaðfelling ?

fals ?
fjöður ?
fylgsni ?
hjálp ?
oddsepi ?
slíður ? (eða bakkaslíður)
spekabretti ?
svift ?
tábjörg?

5. Hvaða heiti voru notuð til að lýsa eiginleika eða ásigkomulagi ljásins?

Hafið þið heyrt eftirfarandi nöfn eða einhver önnur:

bakkaslitinn ?
deigur ?
harður ?
klökkur ? (um bakkann eða ljáinn allan)
liðlegur ?
linur ?
lipur ?
máður ? (= uppslitinn)
molharður ?
sleginn ? (hálfleginn; sbr. uppsleginn)
stálsleginn ? (sbr. stæltur)
stálsorfinn ?
stífur ?
stilltur ? (um ljáblaðið)
stæltur ? (sbr. stálsleginn)
stökkur ?
tindeigur ?
uppdreginn ?
uppsleginn ?
uppslitinn ?(sbr. máður)
útsleginn ?
vallboginn ?
þunnur ?
þýður ? (ljábakki)
þykkur?
Var talað um, að í ljánum væri linka?

6. Áður en orfhólkar komu til sögunnar, var ljárin festur við orfið með þar til gerðum ólum.

Hafið þið heyrt eftirfarandi heiti á þeim eða þá önnur:

lébönd?
ljábönd ?
ljáól?
vébönd?
þjóbönd?

7. Ljáböndin vildu oft losana, einkum í þurrki. Þess vegna var notaður fleygur til að herða að og festa ljáinn betur í orfinu. Hvað nefndist þessi fleygur?

fleygur?
hnakkafleygur ?
kinnfleygur ?
ljáfleygur
smeygur ?
eða eitthvað annað?

8. Hvað nefndist fleygur sá, er rekinn var á milli þjós og hólka til þess að festa ljáinn vel í orfinu?

Kannist þið við eitthvað af þessu eða þá annað:

flaga ?
flís ?
hjábarn ?
írek ?
meðrek ?
orffleygur ? (eða fleygur)
sniðflís ?
þjóflís?

9. Munið þið eftir einhverjum sérstökum áhöldum, sem notuð voru til þess að reka ljáinn fastan í orfið?

Hafið þið heyrt orðið ákeyrsla í þessu sambandi? Var stundum talað um, að það þyrfti að spíka betur ljáinn, ef hann losnaði?

Þekkið þið e.t.v. einhver önnur heiti um þetta?

10. Margvíslegt orðalag hefur tíðkast til að lýsa því, hvernig ljár fer í orfi, þ.e. hvort hornið milli ljás og orfs var hvasst eða gleitt eða hver er snúningurinn á þjóbugnum (hvernig ljáinn liggur). Hér á eftir verða rakin þau orð, sem kunn eru í þessu sambandi, en öll viðbót er vel þegin og eins fyllri fræðsla um það, sem hér verður sagt.

Hafið þið heyrt notað um þetta:

aftur fyrir: ? Ef ljárinn í orfinu vísar svipað og efri hæl orfs, liggur orfið of þungt á handleggnum, en vísi hann mun nær neðri hæl en efri hæl, liggur hann fullmikið aftur fyrir.

fjarri: (sbr. nærri) ? Ljárinn liggur fjarri eða nærri (c: rót) eða fjær og nær.

Fer það eftir staðháttum, hvort betra er að láta ljáinn liggja fjær eða nær? ?

fram úr: ? Ljárinn varð að liggja vel, ekki of krappur, heldur hæfilega mikið fram úr.

gar(r) : (= úrréttur) ? Ljárinn fer gart úr.

gasa: ? Ljárinn gasir mjög (= úrréttur). Til er einnig að tala um gasandi ljá.

gleiður: (= úrréttur) ? Ljárinn fer gleitt úr.

graslægur: ? (c: ljárinn fer of nærri rót).

íkrappur ?

jarðlægur ? (sbr. rótlægur)

kjaftur: ? Það liggur upp í kjaft hjá þér = ljárinn er of krappur.

knappur: (= krappur) ? Ljárinn fer krappt úr.

krappur: ? Ljárinn er krappur gagnst. úrréttur). Einnig sagt: Hann fer krappt úr eða: Hann er krappur í.

liggja að ?

liggja frá ?

liggja í: ? Eftir sneiðingu á orfi fer það, hvernig ljár liggur í því.

niðurlagður ? (gagnst. upplagður)

nærri ? (sbr. fjarri)

réttur ?(= útréttur). Ljáriinn fer rétt úr.

rótlægur ? (sbr. jarðlægur)

upplagður ? (gagnst. niðurlagður)

úrréttur ? (gagnst. krappur).

Tala menn um úrréttu í þessu sambandi. Dæmi: Úrréttan (á ljánum) verður auðvitað að fara eftir því, hve léttslægt er?

útstæður?

þjókrappur?

þjóréttur?

11. Ýmis heiti voru um það, hvernig gengið var frá ljá í orf. Kannist þið við eftirfarandi eða önnur:

afrétta (sagnorð): ? Þegar búið var að slá ljáinn í orfið, þurfti að afrétta hann og leggja.

beita (sagnorð): ? Það var kallað að beita ljáina, þegar barið var á þjóíð, þannig að þeir urðu annaðhvort krappari eða úrréttari.

legging: ? Leggingu ljásins var breytt með því að beygja hann í grashlaupinu.

leggja (ljá): ? Þ.e. snúa eða laga stöðu hans í orfinu)

sniðilydda (sagnorð): ?Ef ljáriinn lá of mikið í oddinn, var hann oft beygður upp með naglbít. Var það kallað að sniðilydda ljáinn?

snjallbeygja (ljá)?

12. Sérstakt áhald var notað til að leggja ljá upp eða niður (fjær eða nær). Kannist þið við eftirfarandi eða önnur heiti á áhaldi þessu:

krækill?

leggingartöng?

ljáleggjari? (eða leggjari)?

Hvernig leit þetta áhald út. Fengur er í nákvæmri lýsingu á því.

13. Sigurður Ólafsson, bóndi á Hellulandi í Skagafirði, fann upp sérstakt áhald í sambandi við ljá. Var það vírgrind, sem fest var á ljáinn, og rakaði hún heyinu í múga, um leið og slegið var. Var grind þessi notuð á votlendi.

Kannist þið við, að þessi grind hafi verið notuð í ykkar átthögum?

Hvað nefndist þessi grind? Hafði þið heyrt þessi heiti eða önnur:

greiða (nafnorð)?

grind ?

ljáarnet ?

ljágrind ?

rakstrarkona?

vinnukona?

14. Að sjálfsögðu varð að gæta fyllstu varúðar, þegar ljár var fluttur laus í teiginn.

Höfðu menn nokkurn sérstakan útbúnað í þessu skyni?

Kannist þið við sérstakar hlífar til þessa, sem kallaðar voru ljáskeiðar?

Þekkið þið önnur nöfn á slíkum útbúnaði?

15. Fyrir kom, að ljábakki brotnaði í kverkinni (eða þjóbugðunni). Var þá annað þjó soðið á, og gekk það lítið eitt fram á bakkann.

Hvað var þetta verk nefnt?

Hafði þið heyrt að þjóhleypa ? í þessu sambandi eða, að slíkur ljár væri kallaður þjóhleypur?

Var slíkur ljár talinn jafngóður eftir þessa aðgerð?

16. Lengd ljáanna miðaðist við fjölda gatanna í blaðinu.

Hver var stysta lengd?

Hver var stærsta lengd?

Hver var venjulegasta lengd?

Hafið þið heyrt talað um átta gata ljá?

Hafið þið heyrt talað um fimmtán gata ljá?

17. Ljár kemur að sjálfsögðu fyrir í margs konar samsetningum, og er þarflaust að rekja allt slíkt. Í sumum tilvikum þykir rétt að taka slíkt orð sérstaklega.

Kannist þið við eftirfarandi orð, og hver er merking þeirra:

ljáberandi?

ljádrægur?

ljáfar?

18. Ýmsar venjur ríktu í sambandi við ljáinn. Ef menn geta bætt einhverju við það, sem hér verður talið, er það vel þegið.

Hvernig héldu menn á ljánum í teignum að loknu dagsverki?

Var honum stungið á oddinn ofan í grassvörðinn?

Stungu menn þjóinu niður og létu bakkann vita upp?

Trúðu menn því að það boðaði úrkomu, ef ljár var skilinn eftir í teig og ryð hafði sest í eggina að morgni, en þurrveður, ef ljárinn var ryðlaus?

Var það föst venja að skilja aldrei svo við ljá sinn í orfinu, að menn brýndu hann ekki áður??

Skeit skrattinn (eða Loki) í eggina, svo að hann varð bitlaus, ef menn gleymdu þessu? ?

Eða sleikti hann eggina og bitið úr ljánum?

Eða sló hann með ljánum?

Höfðu menn trú á því eða sögðu í gamni, að sá væri lyginn, er vel beit? ?

Lygnum manni bitur best.

Lyginn maður brýnir best.

Eiga menn að vinna saman að heyskap næsta sumar, ef þeir krækja saman ljáum sínum (eða hrífum)?

Brjóta menn sig úr vistinni, ef þeir brjóta amboð (orf, ljá eða hrífu) í teignum?

19. Kanna menn nokkuð að segja frá gamla, íslenska sláttuljánum, ljásmiðum, smíðaeftum, smíði, herslu og öðru, er hann varðar?

Ljábrýnsla.

Ekki verður svo rætt um ljá, að gengið verði fram hjá biti hans og aðferðum til að hvetja hann. Hér á eftir verður þess vegna vikið að þeim aðferðum sem kunnar eru, og þeim heitum, sem bundnar eru við ljábrýnslu.

1. Hvaða heiti tíðkuðust almennt um tæki til að brýna eða dengja ljái? Þekkið þið þessi eða önnur:

brýnslutæki?

dengingaráhöld?

klöppunaráhöld?

klöppunartæki?

klöpputól?

2. Ýmis áhöld voru notuð við dengingu. Hafið þið heyrt talað um eftirfarandi áhöld eða önnur:

dengill ? (= klappa)

dengingarhamar ?

dengingarsteðji?
dengingarvél?
dengslishamar?
klapphamar?
klöppuhamar?
klöppunarsteðji?
ljáaklappa?
ljádengsluhamar ? (eða dengsluhamar)
ljáklappa? (eða klappa)
steinleggjari?

3. Voru til heimagerð dengingaráhöld (steðji, klappa)?

Lýsið þeim.

Var dengingarsteðjinn festur í tré (steðjafót)?

4. Hvaða nöfn voru bundin dengingu og herslu ljásins?

Kannist þið við eftirfarandi eða önnur:

a.

berja fram ?(= dengja)

berja í ?(= dengja eða laga eggina lítils háttar)

dengja ?

eldbera ?(ljá)

kaldhamra ?

klappa ?(ljá)

klapra í?(=ljáinn = dengja)

slá fram ?

taka fram ?

þynnka?

b.

dengd ? (lé-dengd)

denging ? (eða lé denging, ljáadenging)

dengsl ?(á ljá)

dengsla ? (eða ljáadengsla, ljádengsla)

dengsli ? (c: röndin við eggina, sem fram er slegin, þegar dengt er)

dengsli ? (=denging)

framtekinn ? (ljár)

hersla ?

kaldhamran ?

klöppun ?

ódengdur ?(ljár)?

5. Þegar dengt eða klappað var, kom far í eggina. Hvað nefndist þetta far? Hafið þið heyrt þessi heiti eða önnur:

dengslisfar?

dengslufar?

klöppufar?

6. Hvað nefndist þró sú, er íslenski ljárinn var hertur í?

herslustokkur?

hersluþró ? (eða þró)

lésteinn ?
ljápró?
nór?
nóri?
nóstokkur?
nótrog?

7. Var hersluvatnið yljað fyrir notkun?
Var aðeins hert í vatni?

8. Ýmis heiti voru um það, ef denging fór aflaga.

a. Hafð þið heyrt í því sambandi þessi orð eða önnur:

gúlpa ? (eggin gúlpar)

kilpa ? (ljá; ljárinn)

kilpast eða ljáinn kilpar)

kilpdengja ? (ljá)

spena fram ? (eggina)?

b. Var talað um, að ljárinn væri

kilpaljár ? eða væri kilpur ? (í egginni)?

c. Var talað um, að ljárinn væri

kilpóttur ?

sepóttur ?

spenaður ? (þ.e. illa dengdur, svo að separ komu fram úr egginni) eða það væri skarðadengsli ? (í ljá)?

9. Margs konar heiti hafa tíðkast á brýnum og hafa farið eftir ýmsu: efni þeirra, uppruna, lögun o.s.frv. Hér á eftir verð rakin öll þau nöfn, sem kunn eru, en viðbúið er, að eitthvað vanti í þá upptalningu. Ef menn geta bætt hér einhverju við, er það mjög vel þegið. Hafð þið heyrt eitthvað af eftirtöldum nöfnum:

ádráttarbrýni ?

brýni ?

brýnisflaga ? (eða flaga) (þunnt brýni)

brýnisteinn ?

demantsbrýni ?(hart brýni)

ensk brýni ?

fleygbrýni ? (eftir lögun)

fleygur ? (eftir lögun og efni)

fluga ?

flögubrýni ?

frekja ? (gróft brýni)

frekjubrýni ? (eða frekjubrýni)

grábrýni ?

harðsteinn ?

heiðn ? (= hein)

heiðnabrýni ?

heiðni ? (= mjúk brýni) (= hein)

heiðnibrýni ?

heilbrýni ? (gagnst. kubbur)

hein ?

heina(r) brýni ?

heinbrýni ?
heini ? (=hein)
heinibrýni ?(=heiðni)
heinisflaga ?
heinn ?
indversk brýni ? (Hvernig litu þau út?)
jarðlægjubrýni ? (Sumir höfðu þann sið að grafa steinbrýni í jörð eða mold og láta þau liggja þar eitt til tvö ár. Það voru kölluð jarðlægjubrýni. Þau þóttu góð. Kannist þið við þessa aðferð?)
klappbrýni ?
klömbrubrýni ? (Brýniskubbur, settur upp í tréskaft.)
kubbur ? (gagnt. heilbrýni)
léni ?
ljábrýni ?
rifbrýni ? (ríbrýni)
sandbrýni ?(mjúkt brýni)
skosk brýni ?
smergelbrýni ? (eða smergilsbrýni)
stálbrýni ?
steinbrýni ?
stubbur ?(eftir lögun)?

10. Mörg heiti eru til um það að hvetja ljái og eiga sum þeirra eðlilega við öll eggjárn jafnt.

Hér á eftir verða rakin þau nöfn, sem kunn eru.

Hafið þið heyrt eitthvað af eftirfarandi nöfnum eða þá önnur:

brýna ?
brýning ? (= brýnsla)
brýnsla ?
draga ? (ljá)
draga á ? (ljá)
eggja ? (eða eggjast: ljárin eggjast illa)
framdreginn ? (ljár)
heinþynntur ?(ljár, brýndur með hein)
hvelfa ? (ljá, þ.e. þynna hann mikið. Ljárin er mikið hvelfdur.)
hvetja ?
hvolfa ? (upp úr ljá (eða hníf))
klappbrýna ?
mýkja ? (ljá, brýna hann lítilega)
skarprétta ? (ljá)
steindraga ? Kannist þið við þennan vísuhelming: Helga missti hnífinn sinn, / hann var nýr og steindreginn?)
steinhalda ?(ljá)
steinleggja ?(ljá)
þurrabrýnsla?

11. Stundum tókst brýnslan ekki eins vel og skyldi, svo að bitið í ljánum entist ekki lengi. Um

það eru til allmörg nöfn. Kannist þið við eftirfarandi eða önnur:

afbrýnsla ? (Ef brýnt var fyrir egg, þannig að ljárin þykknaði óeðlilega fljótt, var það kölluð afbrýnsla eða að brýna af ljánum.)

brýna af ?

brýnsluvöl ? (á ljá)
brýnsluvölur ? (á ljá)
flatbrýna ?
fleginn ?(um ljá)
ljávölur ? (eða völur)
meitilegg ?
misbrýna ?
misdreginn ? (ljár)
ró ? (á egg)
róa ? (ljáinn róar)
róast ? (að eggin poli ? að svigna og ? jafnvel lítið eitt róast upp)
róaregg ?
róbrýna ?
ródraga ? (= róa)
þjóbrýna ? (= þverbrýna)
þverbrýna?

12. Ýmis önnur áhöld en brýni koma við sögu, þegar verið er að hvetja ljái (eða eggjárn yfirleitt). Allmörg nöfn eru bundin við þessi áhöld og þá aðferð, sem notuð er.

Hafið þið heyrt eftirfarandi eða önnur:

álagning ?(eða ljáálagning)
álegging ?
dráttur ? (sbr. 8. sp.draga á)
frambeiting ? (Sniðið, sem myndaðist við álagningu.)
hverfisteinn ?
hverfisteinsnór ?
hverfisteinsstokkur ?(eða stokkur)
hverfistokkur ?
hverfusteinn ?
hvetjumylla ? (= hverfisteinn)
hvetsteinn ? (= hverfisteinn)
hvörfusteinn ?
leggja á ?(hverfistein)
rífsteinn ?
snúa undir ? (ljánum)
steinn ? (=hverfisteinn; halda eða leggja á stein)
stigsteinn? ?

13. Þegar ljár er lagður á hverfistein eða brýndur með brýni, kemur leðja, sem sest á ljáinn og í stokkinn. Nokkur nöfn þekkjast á leðju þessari. Kannist þið við eftirfarandi eða þá önnur:

at ? (sem sest í stokkinn)
brýning ?
brýnissteinn ? (af brýninu)
brýnsla ? (sem sest á hverfisteininn eða ljáinn)
brýnslusteinn, og þá barkar ljáinn oft.)
eðja ?
hverfisteinsleðja (eða leðja)
hverfisteinsmór ?
mór ?(af hverfisteini og brýni)?

Hvaða not höfðu menn af hverfisteinsleðju (saman við mótunarsand, til að þétta smiðjuafli, í áburð o.s.frv.)?

14. Fjöldi orða er notaður til að lýsa biti ljásins (og annarra eggjárna). Flest eru þau að sjálfsögðu algeng, en samt verða þau talin hér upp, einkum þó til þess, að menn geti bætt við listann, ef þeir þekkja önnur orð í þessu sambandi.

a.

Almenn orð um bit.

bit ?

bíta ?

brýnslubit ?

gar ? (gróft, ekki fint)

b.

Orð um það, þegar ljár bítur vel.

beittur ?

bitgóður ?

bitskarpur?

bitskerpa ?

bitsæll ?

blár ? (í egg, = flugbeittur)

bráðbíta ?

eggjaður ? (ljár)

eggþunnur? (ljár)

flugbeittur ?

flugbíta ?

hárbeyttur ?

langbeyttur ?

langbeytur ?

murubíta ? (eða murabíta) (ljárinn murubítur)

skelþunnur ?

smjör: ? (eins og brugðið í smjör)

snjallur ? (snjöll spík)

vatn: ?(eins og brugðið í vatn).

c.

Orð um það, þegar ljár bítur illa.

ama: ljárinn amar ekki = bítur ekki

bitlaus ?

bitlítill ?

egglaus ?

hnausþykkur ?

hvítur ? (í egg)

pálþykkur ?

róareggjaður ?

skammbeyttur ?

öreggja ? (ljár), þ.e. sem lýsingarorð.

Kannast nokkur við það sem sagnorð: öreggja ljá = gera hann mjög beittan?

15. Fyrir kom að menn eyðilögðu bitið í ljánum með því að skemma eggina eða búa á annan hátt illa í hendur sér. Um það þekkjast nokkur sagnorð. Hafið þið heyrt þessi eða önnur: berja upp: (ljárinn er barinn upp)

deigja ? (ljá)
kaða ? (= merja)
kaga ? (= kaða, merja)
merja ? (egg á ljá)
ofherða ? (ljá)
stela ? (úr biti) (ef ljárin var ekki nógu fastur í orfinu)
toreggja? (ljá)
vefja upp ljárin (eggin) er vafin(n) upp.

16. Mjög var það misjafn, hversu lengi bit entist í ljánum. Um þann tíma, er leið á milli þess, sem brýnt var, þekkjast þessi orð.

Kannist þið við þau eða önnur:
brýna ? (Hann sló eina brýnu.)
langbrýna ?
stuttbrýna ?

17. Til var það, að menn höfðu vatnsker hjá sér í teignum, svo að þeir gætu bleytt brýnið, þegar brýnt var. Vatnsker þetta nenfdist brýnukoppur.

Höfðu menn grófan hraunstein með sér í slægjuna til að rífa brýnin, er þurrt var í rót?

18. Til var það, að staður sá á engjum, þar sem geymdur var klöppunarsteðji og annað engjadót, væri kallaður fans. Hafid þið heyrt það orð eða annað um þennan stað?

Hvernig var gengið frá dengingarsteðjanum úti í teignum (rekinn ofan í völlinn t.d.)?

19. Hafid þið heyrt talað um það, að menn klyfu steinbrýni á sérstakan hátt, ef þau þóttu of gild til að halda á þeim, og þetta væri kallað að hleypa brýni?

Hvernig var aðferðin?
Brenndu menn steinbrýni til að bæta þau? Hvernig?

20. Hafid þið heyrt það, að menn bæru eitthvað á brýnin áður en brýnt var?

Kannist þið í þessu sambandi við:
heinarsmjör ?
heinarsufl?

21. Hvar geymdu menn brýnið, á meðan þeir slógu?

Héldu þeir á því í vinstri hendi og létu það liggja við handfangið á efri hælum?
Stungu þeir því í buxnavasann?
Létu þeir það liggja hjá sér í slægjunni?

22. Muna menn eftir nokkrum stöðum, þar sem fá mátti gott efni í brýni?

Voru öll brýni e.t.v. keypt í verslunum?

23. Er nokkuð sérstakt að segja um brýnslulag manna?

Ef svo er, er vel þegið að fá lýsingu á því.

24. Hafid þið heyrt talað um brýnslu- eða brýnugaldur?

Ef svo er, getið þið skýrt hann nákvæmleg út?.

25. Vafalaust eru þeir fáir nú, sem muna það, þegar hverfisteinar voru fyrst teknir í notkun til þess að hvetja ljái. Í upphafi voru þeir allir handsnúinir, og þurfti þá tvo til að leggja ljáinn á.

Menn sáu, að þetta var óhentugt, og því komu stignir hverfisteinar fljótt til sögunnar. Þó mun þessi breyting hafa orðið misfljótt og sums staðar tæplega komist á fyrr en löngu eftir aldamót.

Fróðlegt er að fá svör við eftirfarandi:

Muna menn eftir handsnúnum steinum og hversu lengi þeir voru í notkun (á að giska)?

Voru e.t.v. allir hverfisteinar handsnúdir?

Tíðkaðist það eitthvað, að menn notuðu vatnsafl til þess að snúa hverfisteini?

Ef menn geta bætt einhverjum fróðleik við um hverfisteina fram yfir það, sem hér er spurt um, er það vel þegið.

26. Töluðu menn frekar um að klappa ljá en dengja?

27. Voru skosku ljáirnir klappaðir (dengdir) eða lagðir á?

Hvort var eldra?